

Athafnalóðir á Siglufirði lausar til umsóknar



Lausar eru til umsóknar athafnalóðir við hafnarsvæðið á Siglufirði. Í nýju deiliskipulagi svæðisins er gert ráð fyrir tveimur athafnalóðum (A og B) með möguleika á stækkun til norðurs (C). Um er að ræða áhugaverða staðsetningu fyrir hafnsækna starfsemi, innlenda og erlenda, t.d. frystigeymslur, fiskvinnslu eða útgerð.

Árið 2016 voru gerðar gagngerar endurbætur á Hafnarbryggju sem stendur sunnan við athafnalóðirnar. Þá var nýr viðlegukantur byggður og innsigling og hafnarsvæði dýpkuð. Nú geta skip sem eru allt að 250 m. löng og með 9,5 m. djúpristu lagst þar að bryggju. Möguleiki er á lengingu viðlegukants til norðurs.

Stærðir lóðanna samkvæmt gildandi aðal- og deiliskipulagi eru eftirfarandi.

A – 2.935 m²

B – 1.404 m²

C – Möguleg stækkun lóða til norðurs, 3.000 m². Framkvæmd hafin.

Nánari upplýsingar: Ármann V. Sigurðsson deildarstjóri tæknideildar, netfang: armann@fjallabyggd.is
eða í síma 464-9100.



Fjallabyggð